

**Nd.**

## **262. Frumvarp til laga**

[168. mál]

um dýralækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

### **I. KAFLI**

#### **Yfirstjórn, læknisleyfi, dýralæknaskipun.**

##### **1. gr.**

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála, sem varða starfandi dýralækna, dýralækningar og heilsufar húsdýra. Honum til ráðuneytis skal starfa yfirdýralæknir með búsetu í Reykjavík.

##### **2. gr.**

Þeir einir eru taldir dýralækna í lögum þessum, sem lokið hafa prófi við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum (landbúnaðarráðuneyti) og hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem landbúnaðarráðherra setur á hverjum tíma.

##### **3. gr.**

Til að öðlast leyfi til dýralækninga hér á landi, skal umsækjandi hafa starfað við dýralækningar undir handleiðslu reynds héraðsdýralæknis hér á landi í tvo mánuði hið skemmsta að loknu kandidatsprófi. Hann skal hafa kynnt sér rækilega þau lög og reglur, sem lúta að störfum dýralækna og lyfjamálum hér á landi. Skal yfirdýralæknir eða aðrir, sem hann kveður til, sannprófa þekkingu umsækjanda á þessum sviðum samkvæmt nánari reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur. Þeir einir geta hlotið leyfi til að stunda dýralækningar, sem eru íslenskir ríkisborgarar og eru lögráða.

Landbúnaðarráðherra getur veitt mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, tíma- bundið lækningaleyfi, þegar sérstaklega stendur á, enda uppfylli þeir skilyrði 2. og 3. gr. og hafi að dómi yfirdýralæknis nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

Ákvæði laga þessara um veitingu læknisleyfis til handa dýralæknum ná ekki til þeirra, sem þegar hafa fengið slíkt leyfi.

Landbúnaðarráðuneytið skal birta í Lögbirtingablaðinu nöfn þeirra, sem hlotið hafa heimild til dýralækninga.

##### **4. gr.**

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

- 1) Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Gullbringusýsla, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Bessastaðahreppur.
- 2) Reykjavíkurumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur.
- 3) Akranesumdæmi: Akranes, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur.
- 4) Borgarfjarðarumdæmi: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtisdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðahreppur.

- 5) Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla nema Hvítársíðuhreppur.
- 6) Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.
- 7) Dalauumdæmi: Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla að undanteknum Múlahreppi og Flateyjarhreppi.
- 8) Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.
- 9) Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur.
- 10) Strandaumdæmi: Strandasýsla.
- 11) Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.
- 12) Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
- 13) Skagafjarðarumdæmi: Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Staðahreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Rípurhreppur.
- 14) Hofsósumdæmi: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellsahreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur, Akrahreppur, Siglufjörður.
- 15) Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Hriseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur.
- 16) Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.
- 17) Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímseyjarhreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur.
- 18) Þingeyjarumdæmi vestra: Hálishreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur vestan Fljótsheiðar.
- 19) Þingeyjarþingsumdæmi eystra: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Kelduneshreppur.
- 20) Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur.
- 21) Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður.
- 22) Austurlandsumdæmi syðra: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur.
- 23) Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur, Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur.
- 24) Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.
- 25) Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur, Álftavershreppur.
- 26) Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur.
- 27) Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðahreppur, Hvolshreppur, Rangárvallahreppur austan Eystri-Rangár.
- 28) Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur.
- 29) Hreppaumdæmi: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur.
- 30) Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugarðalshreppur, Þingvallahreppur.
- 31) Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbyggðahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur, Vestmannaeyjar.

Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77 1981 gera ráð fyrir.

#### 5. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður hvar héraðsdýralæknar skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Par sem ekki er embættisbústaður, er ráðherra heimilt að láta byggja sérstaka embættis- aðstöðu.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða, að tveir (eða fleiri) héraðsdýralæknar hafi aðsetur á sama stað, ef það er hentugra að dómi yfirdýralæknis.

Við veitingu embætta dýralækna í þjónustu ríkisins skal viðkomandi ráðherra leita álits yfirdýralæknis og nefndar 3ja manna, sem kosin er af Dýralæknafélagi Íslands úr hópi meðlima félagsins. Að öðru jöfnu skal sá umsækjandi sitja fyrir, sem lengstan hefur starfsaldur, en einnig skal taka tillit til sérmenntunar, svo og starfstíma í afskekktum og rýrum héruðum.

Heimilt er að ráða tvo dýralækna án fasts læknisaðseturs til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis, þegar sérstakar annir eða vanda ber að höndum í einstökum umdæmum eða til aðstoðar yfirdýralækni við sérstök verkefni. Um starf og starfstilhögun þessara manna skal ákveða nánar í sérstöku erindisbréfi.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu starfa þrír sérfræðingar, sem lokið hafa dýralæknisprófi og síðan aflað sér ýtarlegrar sérþekkingar með framhaldsnámi og störfum.

## II. KAFLI

### Skyldur dýralækna.

#### 6. gr.

Yfirdýralæknir skal vera ríkisstjórn til ráðuneytis um dýralæknamál og annast yfirumsjón með öllu, sem varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn varnaraðgerða gegn smitsjúkdómum húsdýra, innflutningi og útflutningi lifandi dýra og hvers konar búfjárafurða, að því er varðar sóttvarnir, heilbrigði og hollustuhætti og segja fyrir um nauðsynlega vottorðagjöf í því sambandi. Honum ber að fylgjast með heilsufari húsdýra í viðskiptalöndum Íslands, svo sem við verður komið.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og þeirra dýralækna annarra, sem læknisstörfum sinna, sem og dýrahjúkrunarmanna. Ber þessum aðilum að láta í té nauðsynlegar upplýsingar varðandi starfsemi sína, ef þess er krafist.

#### 7. gr.

Héraðsdýralæknar skulu, hver í sínu umdæmi, vinna að bættu heilsufari búpenings og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu leitast við að fræða dýraeigendur um þau ráð, sem tiltæk eru til varnar sjúkdómum, og beita þekkingu sinni og reynslu til þess að lækna sjúk dýr, þegar þeir eru til kvaddir.

Héraðsdýralæknar skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma. Þeir skulu leitast við í störfum sínum að girða fyrir hættu, sem fólki getur stafað af sjúkum dýrum og neyslu spilltra og mengaðra búfjárafurða.

Dýralæknar skulu gegna störfum sínum og skyldum með árvekni, halda þekkingu sinni sem best við og gæta fyllstu vandvirkni og samvirkusemi í öllum dýralæknisstörfum.

Dýralæknar skulu vanda svo sem kostur er allar skýrslur, umsagnir og vottorð og skrá þar eingöngu það, sem þeir vita fullar sönnur á, hvort sem vottorðin eru ætluð til leiðbeininga eða sem sönnunargagn í tilteknu máli.

Dýralæknar skulu forðast að baka dýraeigendum óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum.

Héraðsdýralæknar eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum þegar þess er leitað, nema þeir séu sjúkir eða hindraðir af aðkallandi embættisstörfum.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðru dýralæknisumdæmi í mjög brýnni nauðsyn, þegar ekki næst til viðkomandi héraðsdýralæknis, til dæmis vegna ófærðar, og ber honum þá skylda til að sinna vitjunarbeiðni, ef hann getur komið því við.

Héraðsdýralækni er skylt að svara fyrirspurnum í síma og veita upplýsingar varðandi sjúkdóma í dýrum, þegar þess er óskað.

Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.

Enginn dýralæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Þriggja manna nefnd, skipuð yfirdýralækni, forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum og fulltrúa, er stjórn Dýralæknafélags Íslands tilnefni, skal setja reglur um nám og menntun, sem metin er nægileg til sérfræðingsviðurkenningar, og meta hæfni umsækjanda og störf.

#### 8. gr.

Nú hyggst dýralæknir hefja starf við dýralækningar á eigin vegum eða á vegum félags-samtaka. Skal hann þá tilkynna það bréflaga yfirdýralækni og viðkomandi héraðsdýralækni með rúmum fyrirvara og gera grein fyrir fyrirhuguðum störfum og starfsaðstöðu.

Yfirdýralæknir setur þeim, sem þannig starfa, nánari reglur um skýrsluhald varðandi dýrasjúkdóma, læknisaðgerðir og önnur störf. Yfirdýralæknir getur einnig kvatt þá, sem starfa við dýralækningar á þennan hátt, til þess að taka þátt í vörnum gegn smitsjúkdómum og vaktþjónustu í umdæminu, ef héraðsdýralæknir óskar þess.

Nú óska einstaklingar eða félög að koma á fót rannsóknastöðu eða sjúkraskýli (spítala) fyrir sjúk dýr, og skal þá senda um það umsókn til landbúnaðarráðuneytisins. Er ráðuneytinu rétt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að setja sérstakar reglur um slíka starfsemi, útbúnað, húsnæði o. s. frv.

#### 9. gr.

Forseti Íslands skipar yfirdýralækni og héraðsdýralækna. Dýralæknar í þjónustu ríkisins taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

Héraðsdýralæknar skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Dýralæknafélags Íslands. Er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín heldur en greint er í gildandi gjaldskrá. Aðrir dýralæknar mega ekki taka hærri þóknun fyrir læknisstörf en sanngjarnt er, miðað við hve vandasöm og tímafrek aðgerðin er.

Þegar nauðsyn krefur, er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrennaumdæmi gegn allt að hálfum byrjunarlaunum þess umdæmis.

Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja orlofstöku og útvega staðgengil í samráði við yfirdýralækni. Skal staðgengill hafa skyldur og njóta réttinda sem héraðsdýralæknir samkvæmt lögum þessum, meðan hann gegnir störfum, enda sé hann settur af landbúnaðarráðuneyti í starfið.

Skylt er héraðsdýralækni að veita staðgengli aðgang að síma, ef hann óskar þess. Um dvalarkostnað staðgengils og verkefnaskiptingu (eftirlitsstörf, lyfjasölu o. þ. h.) fer samkvæmt samkomulagi dýralækna hverju sinni.

Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi að fullu, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því, enda sé ekki til-

tækur dýralæknir til starfsins. Einnig má fela dýralæknisnema tiltekin störf á starfssviði dýralækna um stundarsakir, og hefur hann þá læknisleyfi á meðan hann gegnir þeim.

10. gr.

Héraðsdýralæknar stunda almennar dýralækningar, hver í sínu umdæmi. Þeir annast sölu lyfja handa dýrum eða ávísa þeim, ef betur hentar. Ekki er öðrum en dýralæknum heimilt að ávísa lyfjum handa dýrum. Héraðsdýralæknum er heimilt að kaupa lyf handa dýrum í lyfjabúðum, lyfjaheildverslunum og hjá lyfjaframleiðendum.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum selur og framleiðir undir stjórn sérmenntaðs dýralæknis ónæmislyf handa húsdýrum. Óheimilt er að flytja inn ónæmisefni hvers konar handa húsdýrum nema að fenginni skriflegri heimild yfirdýralæknis.

Lyfjaverslun ríkisins og Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum annast útveg-un ónæmisefna frá útlöndum þegar þörf krefur. Nánar skal kveða á um innflutning slíkra lyfja í reglugerð.

### III. KAFLI

#### Um smitnæma sjúkdóma, læknisaðgerðir og eftirlitsstörf.

11. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í húsdýrum eða villtum dýrum, eða grunur um slíkan sjúkdóm í umdæmi héraðsdýralæknis, skal hann þegar í stað gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón, sem af honum getur leitt. Hann skal án tafar tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir. Læknisaðgerðir á dýrum höldnum smitsjúkdómum skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum.

Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum, ef ætla verður að aðgerðin muni baka dýrinu verulega þjáningu. Skal við slíkar aðgerðir nota svefn- eða deyfilyf, eftir því sem við á. Dýralæknum einum er heimilt að gefa dýrum lyf, sem eru sérstaklega varasöm eða hættuleg. Skal kveða nánar á um notkun slíkra lyfja í reglugerð.

Landbúnaðarráðherra setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um meðferð helstu smitsjúkdóma húsdýra og varnir gegn þeim.

12. gr.

Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturgripum og sláturfé, þar með taldir alifuglar, og afurðum þeirra, eftir því sem aðstæður leyfa.

Þegar héraðsdýralæknar geta ekki sjálfir annað eftirliti þessu, að dómi yfirdýralæknis, er heimilt að ráða aðra dýralækna við þetta heilbrigðiseftirlit. Ef ekki er völ á dýralækni eða dýralæknisefni til starfsins, skulu læknisefni eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðisskoðun sláturafurða, annast eftirlit undir stjórn og leiðbeiningum viðkomandi héraðsdýralæknis.

Landbúnaðarráðherra setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og afurðum þeirra, meðferð afurða, flutning og geymslu, útbúnað, vinnutilhögun og þrifnað í sláturhúsum, kjötfrystihúsum og kjötvinnslu-stöðvum.

Dýralæknar skulu í lok hvers árs gefa yfirlitsskýrslu um heilbrigðiseftirlit þetta og senda yfirdýralækni fyrir 15. febrúar næsta árs.

13. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa og þrifnaði í fjósum, þar sem framleidd er sölumjólk. Þeir skulu leitast við með leiðbeiningum og á annan hátt að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum sölumjólkur.

Stjórnvöld setja reglur um framkvæmd þessa eftirlits og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Heimilt er að áfrýja ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun mjólkur þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslur um þetta eftirlit, samkvæmt nánari fyrirsögn yfirdýralæknis. Mjólkurbú skulu hafa greiðan aðgang að skýrslum héraðsdýralækna, ef þess er óskað.

Héraðsdýralæknar skulu árlega vinna úr gögnum þessum yfirlitsskýrslu um heilbrigði mjólkurkúa og þrifnað í fjósum, sem framleiða sölumjólk. Skal hún send yfirdýralækni fyrir 1. ágúst árið eftir.

Héraðsdýralæknar skulu hafa reglulegt eftirlit með hreinlæti og þrifnaði mjólkurstöðva í umdæmi sínu og sjá um, að starfsemi öll sé í samræmi við gildandi reglur. Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og skýrsluhald, er það varðar.

#### 14. gr.

Dýralæknar skulu færa dagbækur um heilsufar, sjúkdóma og lækniáðgerðir á húsdýrum. Úr þeim gögnum skal mánaðarlega gera skýrslu um smitsjúkdóma og senda yfirdýralækni jafnóðum.

Dýralæknar skulu einnig um hver áramót gera yfirlitsskýrslur um heilsufar, sjúkdóma og lækniáðgerðir á liðnu ári og senda yfirdýralækni fyrir 15. febrúar.

Nú vanrækir dýralæknir að gera og senda fyrirskipaðar skýrslur á réttum tíma, án þess að lögmæt forföll, svo sem veikindi, banni að mati yfirdýralæknis, og er þá heimilt, ef áminning ber ekki árangur, að ákveða í reglugerð lögtakskræfar dagsektir fyrir hvern dag sem vanrækt er að senda lögboðnar skýrslur. Dagsektir þessar skulu renna í vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands.

### IV. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 15. gr.

Allir dýralæknar, sem læknisstörfum sinna, skulu háðir eftirliti yfirdýralæknis.

Ef yfirdýralæknir verður þess var, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar og störf eða brýtur alvarlega í bága við fyrirmæli, sem dýralæknum ber að starfa eftir, skal yfirdýralæknir áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi, þá ber yfirdýralækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi sé sviptur lækningaleyfi um tiltekinn tíma.

Ef ástæða þykir til, er yfirdýralækni rétt að krefjast ítarlegra upplýsinga um notkun fíknis- og eiturflyfja til dýralækninga samkvæmt nánari reglum, sem um það verða settar.

Nú telur yfirdýralæknir, að dýralæknir, sem lækningaleyfi hefur, hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þær kröfur, sem gerðar voru, er honum var veitt læknisleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri heilsu, eiturflyfjanotkunar eða drykkjuskaparóreglu, sem gerir hann óhæfan eða hættulegan við störf sín, þá skýri hann ráðherra frá því. Ráðherra leitar álits læknaáráðs um málið. Má svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi, ef læknaáráð telur nauðsynlegt, en skjóta má sakborningur máli sínu til dómstólanna.

#### 16. gr.

Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknir. Þó er honum heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o. s. frv. sem og

birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum. Hvers konar auglýsingar á lyfjum og læknisáhöldum til dýralækninga eru bannaðar nema í ritum ætluðum dýralæknum einum.

Á sama hátt eru bannaðar gyllandi umsagnir um sjúkrahús, sjúkraskýli og sjúkrastofur atlaðar dýrum og sérstakan lækningamátt tiltekinna tegunda dýrafóðurs eða fóðurblandna.

#### 17. gr.

Í afskekktum umdæmum, þar sem umsvif eru lítil og samgöngur erfiðar, er heimilt að greiða staðaruppbót allt að hálfum byrjunarlaunum í umdæminu. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu sett í reglugerð.

Heimilt er að greiða héraðsdýralæknum símastyrk skv. ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins og að auki leigu vegna embættisaðstöðu til þeirra, sem eigi njóta embættisbústaða.

Þeir dýralæknar, sem búa í húsnæði í eigu ríkisins, skulu undirrita sérstakan leigusamning, þar sem kveðið er á um tryggingar, leiguupphæð, skyldur leigutaka og leigusala og annað er máli skiptir.

#### 18. gr.

Pegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir næstu þrjú ár.

Í þessu skyni skal gera ráð fyrir sérstakri upphæð á fjárlögum til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa.

Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum læknisáhöldum og tækjum, samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðsdýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

Fyrir hver fimm ár, sem héraðsdýralæknir eða annar dýralæknir í þjónustu ríkisins hefur gegnt störfum, á hann rétt á allt að 3ja mánaða leyfi frá störfum með fullum launum til endurmenntunar eða sérstakrar starfsþjálfunar. Skal leyfið skipulagt í samráði við yfirdýralækni. Þeir, sem nýta þessi réttindi, skulu gera yfirdýralækni skriflega grein fyrir náminu og starfsþjálfuninni. Að öðru leyti gilda kjarasamningar á hverjum tíma um framkvæmd þessa atriðis.

#### 19. gr.

Pegar dýralæknir er kvaddur til vitjana á eigin farkosti á fleiri en einn stað í sömu akstursleið, ber honum að aka sem beinasta og greiðasta leið til þeirra, sem vitjana hafa óskað. Þegar þannig stendur á, skal jafna greiðslu fyrir ferðakostnað niður á þá, sem vitjana hafa óskað hverju sinni.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað í brýnni nauðsyn um langan veg frá heimili hans, þ. e. vegalengd, sem er yfir 40 km. Greiðir þá sá, sem vitjunar beiðist, ferðakostnað fyrir 40 km akstur frá heimili dýralæknis, en það sem umfram er greiðist af opinberu fé. Landbúnaðarráðherra setur reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

#### 20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 77/1981 um dýralækna, svo og lög nr. 123 frá 27. desember 1935 um geldingu húsdýra.

Þrátt fyrir ákvæði þessara laga halda lög nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og síðari breytingar á þeim lögum fullu gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landbúnaðarráðherra Pálmi Jónsson skipaði með bréfi 1. júlí 1981 þriggja manna nefnd til að endurskoða lög nr. 31/1970 um dýralækna.

Í nefnd þessari áttu sæti frú Ragnheiður Árnadóttir deildarstjóri, formaður, Jón Guðbrandsson, héraðsdýralæknir og Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir.

Nefndarskipun þessi var gerð í samræmi við yfirlýsingu landbúnaðarráðherra á fundi landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis á liðnu vori, samanber nefndarálit landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dagsett 20. apríl 1981 — 213. mál.

Þó að lög um dýralækna séu ekki nema 11 ára gömul, hafa verið gerðar á þeim breytingar hvað eftir annað eða alls 7 sinnum. Flestar þessar breytingar varða dýralæknaskipan og eru til komnar vegna tilmæla bændasamtaka, sem óskað hafa eftir fleiri héraðsdýralæknum og þar með betri þjónustu.

Nýlega hafa enn borist samþykktir búnaðarsambanda, þar sem óskað er eftir fleiri héraðsdýralæknaumdæmum en nú er gert ráð fyrir.

Nefndin hefur við samning frumvarps þessa haft í huga þessar samþykktir bænda, sem fram eru komnar vegna þess að bændur telja sig ekki fá næga dýralækniþjónustu eða vera afskiptir þessari þjónustu.

Auk þess hefur nefndin tekið að nokkru mið af óskum Dýralæknafélags Íslands og annarra aðila, er mál þessi varða.

Rétt er að vekja athygli á því, að störf dýralækna hafa breyst allverulega síðasta áratuginn samstiga breyttum búskaparháttum. Um leið og búin hafa stækkað, hefur fólki sem við þau vinnur fækkað og annríki aukist. Gripir eru nú fóðraðir til fyllstu afurða meira en áður tíðkaðist og eru því kvillasamari.

Bændur leita því meira til dýralækna en áður og gera nú minna að því að reyna sjálfir að lækna gripi sína. Þó að með þessu frumvarpi sé gert ráð fyrir nokkurri fjölgun héraðsdýralækna, er nefndinni ljóst að seint verður svo frá þessum málum gengið að ekki verði ýmsir bæir nokkuð útundan varðandi dýralæknaþjónustu. Kemur þar hvort tveggja til, strjálbýli og erfiðar samgöngur.

Ástæða er til að gera eftirfarandi athugasemdir við eirðstakar greinar frumvarpsins:

#### Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að landbúnaðarráðherra hafi yfirstjórn mála, sem varða dýralækna og heilsufar húsdýra, dýralækningar og annað, sem miðar að því að vernda heilsu húsdýra. Þótti ástæða til að kveða skýrt á um þetta efni svo ekki leiki vafi á því, að dýraspítali, sjúkaskýli, varúðarráðstafanir ýmiss konar, þar á meðal hömlur á innflutningi dýra, fóðurvara o. s. frv., heyrðu undir landbúnaðarráðuneytið.

#### Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að mestu samhljóða gildandi lagaákvæðum.

#### Um 3. gr.

Grein þessi fjallar um leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi og hvaða skilyrðum skuli fullnægt í því efni.

Vegna þess að kennsla í dýralækningum fer ekki fram hér á landi eru kandidatar, sem heim koma að loknu námi, ókunnir íslenskum staðháttum, ýmissi sérstöðu hér á landi, að því er varðar húsdýrasjúkdóma, og þeim reglum og lögum, sem lúta að störfum dýralækna hér á landi.

Því er gert ráð fyrir að menn, sem óska eftir leyfi til dýralækninga, skuli hafa starfað undir handleiðslu héraðsdýralæknis að minnsta kosti í tvo mánuði. Jafnframt er gert ráð fyrir, að könnun sé gerð á því, hvort umsækjandi hafi kynnt sér reglur þær sem lúta að dýralækningum.



Ákvæði um málakunnáttu þeirra sem fá leyfi til dýralækninga eru hliðstæð ákvæðum sem gilda um þetta efni á Norðurlöndum, og ætti ekki að þurfa frekari skýringar, jafn sjálfsagt og nauðsynlegt sem það er.

#### Um 4. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sex nýjum héraðsdýralæknisumdæmum. Er þar tekin upp skipting á þeim þremur umdæmum, sem á liðnum vetri voru til umræðu á Alþingi í formi þriggja lagafrumvarpa: þ. e. Austurlandsumdæmi nyrðra sem gert er ráð fyrir að skipt verði í Austurlandsumdæmi nyrðra og Norðfjarðarumdæmi; Þingeyjarþingsumdæmi, er skiptist í Þingeyjarþingsumdæmi vestra og Þingeyjarþingsumdæmi eystra og Laugarásumdæmi, er verði skipt í Laugarásumdæmi og Hreppaumdæmi.

Tillögur nefndarinnar um skiptingu þessara þriggja umdæma eru í stórum dráttum þær sömu og gerðar voru í framannefndum lagafrumvörpum.

Að auki er lagt til í þessari grein, að eftirtöldum umdæmum verði skipt: Skagafjarðarumdæmi verði skipt í Skagafjarðarumdæmi og Hofsósumdæmi, Borgarfjarðarumdæmi verði skipt í Borgarfjarðarumdæmi og Akranesumdæmi og Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi verði skipt í Reykjavíkumdæmi og Hafnarfjarðarumdæmi.

Öll þau sex umdæmi, sem hér er gert ráð fyrir að skipt verði, hafa það sameiginlegt, að þau eru hvort tveggja víðáttumikil og gripamörg, sum auk þess mjög erfið yfirferðar á vetrum.

Við skiptingu þessara umdæma hefur verið haft samráð við viðkomandi héraðsdýralækna og bændur, sem þar eru gagnkunnugir. Ber kunnugum saman um það, að það sé ofætlun einum dýralækni í þessum umdæmum að veita viðhlítandi þjónustu og anna því heilbrigðiseftirliti og öðrum störfum, sem krafist er af héraðsdýralæknum. Eins og áður er getið, hafa búnaðarsambönd einnig ályktað um nauðsyn á því að umdæmum þessum verði skipt, og talar það sínu máli um það á hvern hátt bændur líta á mál þessi.

Hins vegar ætti síðasta málsgrein þessarar greinar að taka af allan vafa um það, að ekki er til þess ætlast, að breytingar þessar eigi sér allar stað í einu, heldur kæmu ákvæði um ný umdæmi til framkvæmda á nokkrum árum. Annað myndi valda óæskilegri röskun og tilfærslum milli embætta.

#### Um 5. gr.

Svo getur hagað til, að hentugra sé af ýmsum ástæðum að tveir dýralæknar sitji á sama stað (Akureyri). Því er talið rétt að hafa heimild til þess í lögum.

Óskir hafa komið fram um það frá Dýralæknafélagi Íslands, að leitað yrði umsagnar sérstakrar nefndar, þegar störf dýralækna í þjónustu ríkisins eru veitt. Var talið eðlilegt að verða við þeim tilmælum. Umsögn slíkrar nefndar er þó að sjálfsögðu ekki bindandi. Ennfremur eru í þessari grein ákvæði um, að mið skuli tekið af starfsaldri, fyrri störfum og sérmenntun umsækjenda, og ef um héraðsdýralæknisstörf er að ræða, hvort umsækjandi hafi þjónað rýrum héruðum.

Eftir því sem dýralæknum fjölga, verður örðugra að útvega staðgengla í lögboðnum orlofum eða ef dýralæknar forfallast vegna veikinda. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að heimilt sé að ráða tvo dýralækna án fasts aðseturs, faranddýralækna, sem hlaupið geta í skörðin, þegar þörf krefur, og jafnframt verið til aðstoðar yfirdýralækni, þegar svo ber undir.

Gert er ráð fyrir, að við Tilraunastöð Háskólans að Keldum, sem einkum sinnir rannsóknnum og öðrum verkefnum á sviði dýrasjúkdóma, starfi þrír dýralæknar, sem aflað hafi sér sérþekkingar að loknu háskólaprófi.

Nú eru aðeins tveir af átta sérfræðingum Tilraunastöðvarinnar að Keldum dýralæknar með tilskilda framhaldsmenntun. Ákvæði um að þrír dýralæknar með sérfræðiþekkingu skuli, er tímar líða, starfa við stofnunina, er sett hér vegna þess að eðlilegast þykir, að rannsóknir á búfjársjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum séu meira í höndum dýralækna en verið hefur. Ákvæðið miðar hins vegar ekki að því að fjölga sérfræðingum við þessa stofnun nú þegar, heldur við það að halda æskilegu hlutfalli dýralækna innan stofnunarinnar.

#### 6. gr.

Hér er kveðið nokkru nánar á um ýmis störf yfirdýralæknis í samræmi við þá reynslu, sem skapast hefur á undanförunum árum, heldur en gert er í gildandi löggjöf.

#### Um 7. gr.

Þessi grein hefur að geyma ýmis ákvæði um skyldur héraðsdýralækna og annarra dýralækna og er í meginatriðum samhljóða ákvæðum sem er að finna í 4. og 6. grein núgildandi laga um dýralækna. Þó eru ákvæði þessarar greinar um margt ítarlegri svo sem varðandi vottorðagerð, óþarfa kostnað við dýralækningar, skyldur um læknisvitjanir, sé um aðkallandi sjúkdómstilfelli að ræða.

Nefndin telur að reynslan hafi sýnt, að nauðsynlegt sé að binda ákvæði um þessi atriði í lögum.

Þá er í þessari grein að finna ákvæði varðandi sérfræðiviðurkenningu á sviði dýralækninga. Það gerist algengara með hverju ári að starfsmenn í ýmsum stéttum nefni sig sérfræðinga, og hefur það óspart verið notað í launabaráttu innan starfshópa. Þar sem menn geta unnið sér rétt til sérfræðiviðurkenningar á sviði dýralækninga eigi síður en á öðrum sviðum, þótti rétt að fella ákvæði um þetta atriði inn í lögina og tryggja þar með, að rétt og sanngjarnlega verði að málum staðið, þegar til kastanna kemur.

#### Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, en sett vegna þess að þegar hefur verið komið á fót dýraspítala, og fyrirsjáanlegt er að dýralæknar muni hefja störf á eigin spýtur á næstu árum eða á vegum félagssamtaka. Er talið sjálfsagt að slík starfsemi lúti eftirliti yfirdýralæknis, eftir því sem nauðsyn og ástæða er talin til, og að dýrahjúkrunarstöðvum og dýraspítölum séu settar starfsreglur.

#### Um 9. gr.

Þessi grein hefur að geyma svipuð ákvæði og nú er að finna í 5. gr. gildandi laga um dýralækna, en auk þess er lögð áhersla á að dýralæknar, sem ekki eru í þjónustu ríkisins, selji störf sín hóflegu verði.

#### Um 10. gr.

Hér er kveðið á um það, að auk almennra dýralækninga skuli héraðsdýralæknar annast sölu lyfja fyrir dýr eða ávísá þeim. Jafnframt er í þessari grein að finna nýtt ákvæði, sem kveður svo á, að dýralæknum einum sé heimilt að ávísá lyfjum handa dýrum. Virðist jafn óeðlilegt að lækna ávísá lyfjum handa dýrum og dýralæknar ávísá lyfjum handa mönnum.

Í þessari grein er einnig að finna ákvæði um framleiðslu ónæmisefna á Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Ákvæði um þetta efni var áður fest í lögum nr. 30/1963 um lyfjasölu, en féll niður af vangá við breytingu á þeim lögum. Til að hafa fullkomna stjórn á innflutningi ónæmisefna, eru sett ákvæði um heimild yfirdýralæknis hverju sinni. Er þetta að nokkru í samræmi við ákvæði, sem gilda um ónæmisefni handa mönnum, en ónæmisefni hafa nokkra sérstöðu meðal lyfja og því nauðsynlegt að um þau gildi aðrar reglur, eins og löggjafarvaldið hefur þegar viðurkennt, sbr. lög nr. 38/1978.

#### Um 11. gr. og 12. gr.

Þessar greinar eru að mestu samhljóða ákvæðum 7. og 8. gr. þeirra laga sem nú gilda. Þó eru í 11. gr. ákvæði um að aðgerðir, sem ætla má að valdi dýrinu verulegum sársauka eða þjáningu, skuli eingöngu framkvæmdar af dýralækni. Ákvæði þessi eru svipuð gildandi ákvæðum í lögum um dýravernd nr. 21/1957.

Þá eru einnig tekin upp ákvæði um sérstaklega hættuleg og varasöm lyf handa dýrum, sem dýralæknar verða sjálfir að gefa. Ákvæði þetta er talið nauðsynlegt, bæði vegna þess að þessi

flokkur lyfja getur verið mjög varasamur í meðförum, en einnig vegna þess, að verkanir þeirra geta haft alvarlegar afleiðingar, sé eigi hárrétt með farið.

#### Um 13. gr.

13. gr. frumvarpsins er að mestu samhljóða 9. gr. gildandi laga. Þó er þar kveðið ítarlegar á um einstök atriði og áhersla lögð á leiðbeiningapátt þessa starfs.

Öll meðferð mjólkur í fjósum og mjólkurhúsum er vandasöm. Gæði mjólkurafurða eru að verulegu leyti undir því komin, hvernig hráefnið er, sem til búanna berst. Því verður seint nægilega vel vandað til mjaltastarfa og meðferðar mjólkur, og síst má þar skorta fullkomna leiðbeiningaþjónustu.

Þó að þau mistök, sem nýlega hafa orðið í framleiðslu á mjólkurvörum í stærsta mjólkurbúi landsins, verði ekki skrifuð á reikning framleiðenda nema að litlu leyti, bendir margt til þess að enn verði að herða róðurinn og vanda betur meðferð mjólkur og störf við mjaltir hjá framleiðendum.

Meira aðhald og fræðsla ætti að fást í þessum efnum, þegar stærstu héraðsdýralæknisumdæmunum verður skipt, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

#### Um 14. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 10. gr. í gildandi lögum. Þó er í þessari grein ákvæði, sem miðar að því að skapa aðhald, svo lögboðnum skýrslum verði skilað á réttum tíma. Reynslan hefur sýnt, að slíkt aðhald er nauðsynlegt.

#### Um 15. og 16. gr.

Þessar greinar eru efnislega svipaðar og 11. og 12. gr. í gildandi lögum.

#### Um 17. gr.

Efni þessarar greinar svarar til ákvæða í 13. gr. gildandi laga. Ekki þykir ósanngjarnt, að þeir héraðsdýralæknar, sem sitja í mjög afskekktum umdæmum, fái nokkra staðaruppbót vegna takmarkaðra tekjumöguleika.

Þeir dýralæknar, sem búa í embættisbústöðum, njóta við það nokkurra hlunninda. Til jafnvægis er því gert ráð fyrir, að heimilt sé að veita nokkurt framlag vegna embættisaðstöðu til þeirra sem búa í eigin húsnæði. Þá er gert ráð fyrir því að tryggilegar sé búið um hnútana heldur en nú er, áður en héraðsdýralæknir flytur inn í embættisbústað sem ríkið á.

#### Um 18. gr.

18. gr. hefur að geyma ákvæði, sem efnislega eru áþekk þeim ákvæðum, sem nú er að finna í 14. og 15. gr. laga um dýralækna. Þó hefur verið breytt nokkuð ákvæðum um endurmenntun eða framhaldsmenntun dýralækna. Reynslan hefur sýnt að heppilegra mun að veita heimild til endurmenntunar oftar, en skemmri tíma í einu. Núgildandi lög gera ráð fyrir 6 mánaða námsleyfi á 10 ára fresti. Flestir dýralæknar telja það of langan tíma og 10 ára tímabil milli leyfa of langt. Hefur verið farið að óskum Dýralæknafélags Íslands í þessu efni.

#### Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli, en samþykktir um þetta efni hafa verið gerðar bæði af Búnaðarþingi og Stéttarsambandi bænda. Hér er um að ræða tilraun til þess að jafna nokkuð aðstöðu þeirra, sem fjærst búa dýralækni miðað við þá, sem nær búa aðsetri hans. Hér er eingöngu átt við sjúkdómstílfelli, sem illa þola bið, t. d. af völdum doða, úthverfs legs eða erfiðrar fæðingar hjá kúm, hrossasóttar, slysa o. fl. Hér kemur því til hvort tveggja, dýra-

verndunarsjónarmið, að lina þjáningar dýra, sem þannig er ástatt um, en einnig fjárhagsleg sjónarmið, vegna þess hve ferðakostnaður er mikill, ef sækja þarf dýralækni t. d. um 80—90 km veg.

Hins vegar er engin reynsla fyrir því, hve mjög þetta ákvæði eykur vinnuálag héraðs-dýralækna, sem vissulega er víða nóg fyrir, og ekki heldur, hve mikil útgjöld ákvæðið hefur í för með sér fyrir ríkissjóð. Því kæmi til mála að mati nefndarinnar að hafa grein þessa sem bráðabirgðaákvæði, sem breyta mætti í samræmi við þá reynslu, sem fengist eftir 1—2 ár.